

PERSÓNUVERNDARSTEFNA  
SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

## EFNISYFIRLIT

1.	UM PERSÓNUVERNDARSTEFNUNA .....	2
2.	UPPLÝSINGAR UM ÁBYRGÐARAÐILA.....	2
3.	HVAÐ ERU PERSÓNUUPPLÝSINGAR?.....	2
4.	ÖFLUN PERSÓNUUPPLÝSINGA OG TILGANGUR .....	2
5.	MEÐHÖNDLUN FLOKKSSKRÁR.....	4
6.	MIÐLUN PERSÓNUUPPLÝSINGA .....	5
7.	HEIMILD FYRIR ÖFLUN OG VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA .....	5
8.	UPPLÝSINGAÖRYGGI.....	5
9.	GEYMSLUTÍMI GAGNA.....	5
10.	RÉTTINDI HINNA SKRÁÐU .....	6
11.	ENDURSKOÐUN .....	6

## 1. UM PERSÓNUVERNDARSTEFNUNA

Sjálfstæðisflokkurinn tekur alvarlega réttindi einstaklinga er varða persónuupplýsingar þeirra og leggur sérstaka áherslu á að þær séu unnar með lögum, samngjörnum og gagnsæjum hætti.

Persónuverndarstefnu þessari er ætlað að vera upplýsandi um það hvaða persónuupplýsingum flokkurinn aflar og í hvaða tilgangi það er gert, hvernig þær eru varðveittar, með hvaða hætti flokkurinn nýtir slíkar upplýsingar, hvert upplýsingum kunni að vera miðlað og með hvaða hætti gætt sé að öryggi þeirra.

Er stefnunni meðal annars ætlað að veita flokksmönnum þá fræðslu sem flokknum ber að veita samkvæmt persónuverndarlögum, nú lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sem og samkvæmt verklagsreglum stjórnmalasamtaka um vinnslu persónuupplýsinga á samfélagsmiðlum í tengslum við almennar kosningar.

## 2. UPPLÝSINGAR UM ÁBYRGÐARAÐILA

Sjálfstæðisflokkurinn, Háaleitisbraut 1, 105 Reykjavík, kt. 570269-1439, er ábyrgðaraðili þeirra persónuupplýsinga sem veittar eru flokknum og flokkurinn hefur aflað sér.

Sjálfstæðisflokkurinn er stjórnmalaflokkur, þ.e. frjáls félagasamtök, sem stofnaður var um tiltekin stefnumál, hugmyndafræði og skoðanir, en ein forsendum lýðræðis er að frjáls starfsemi um stjórnmalaskoðanir fái að þrífast. Af þeirri ástæðu njóta stjórnmalaflokks stjórnskipulegrar verndar sem sérstaklega mikilvægar félagagerðir í lýðræðisríki. Það er nauðsynlegt fyrir stjórnmalasamtök að halda utan um persónuupplýsingar, m.a. í þeim tilgangi að miðla upplýsingum til flokksfélaga og eftir atvikum annarra.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur á að skipa persónuverndarfulltrúa sem hægt er að hafa samband við með því að senda tölvupóst á [personuvernd@xd.is](mailto:personuvernd@xd.is) eða bréflega á framangreint heimilisfang.

## 3. HVAÐ ERU PERSÓNUUPPLÝSINGAR?

Persónuupplýsingar í skilningi stefnu þessarar eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings.

## 4. ÖFLUN PERSÓNUUPPLÝSINGA OG TILGANGUR

Sjálfstæðisflokkurinn aflar og vinnur með persónuupplýsingar um flokksmenn, starfsmenn og þá sem flokkurinn á í viðskiptasambandi við. Flokkurinn safnar einungis þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að flokkurinn geti sinnt skyldum sínum gagnvart framangreindum aðilum.

Að meginstefnu til aflar Sjálfstæðisflokkurinn persónuupplýsinga beint frá flokksmönnum, starfsmönnum eða þeim sem hann á í viðskiptasambandi við. Upplýsingar kunna þó jafnframt að koma frá þriðju aðilum, t.d. stjórnvöldum og fyrirtækjum.

Til að tryggja áreiðanleika þeirra upplýsinga sem flokkurinn varðveitir eru þær uppfærðar eftir þörfum, t.d. með því að samkeyra upplýsingar við þjóðskrá.

Ólíkum upplýsingum kann að vera aflað eftir því hvers eðlis samband viðkomandi er við flokkinn. Hér að neðan má nálgast yfirlit yfir það hvaða upplýsingar flokkurinn kann að afla og í hvaða tilgangi þær kunna að vera varðveittar.



Það á við um þá kafla sem hér fara á eftir að upplýsingum um nöfn, kennitölu, heimilisföng, netföng og símanúmer er jafnan ekki deilt með þriðja aðila, sjá nánar neðar í kafla um meðhöndlun flokkskrár.

#### NAFN



Upplýsingarnar eru notaðar til að halda utan um nöfn þeirra sem aðild eiga að flokknum og einstökum félögum hans. Einnig til að halda utan um þá sem eru í styrktarmannakerfi, greiða félagsgjöld sem og þá sem gegna trúnaðarstörfum fyrir flokkinn. Nöfn, heimilisföng og kennitölur eru notuð til að halda utan um þá sem búa í hverju sveitarfélagi og kjördæmi og eiga m.a. rétt til setu á félagsfundum, njóta kjörgengi í viðkomandi félögum og ráðum og rétt til þátttöku í prófkjörum í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga og alþingiskosninga.

#### KENNITALA



Upplýsingarnar eru einkum nýttar til þess að aðgreina þá sem bera sömu nöfn hvern frá öðrum. Kennitölur eru jafnframt notaðar til að afla upplýsinga um aldur og kyn flokksfélaga. Auk þess eru þær notaðar til að sækja mánaðarlega uppfærslu í þjóðskrá um lögheimili og aðrar upplýsingar sem þjóðskrá geymir. Kennitölur eru jafnframt nýttar til þess að uppfæra tengiliðaupplýsingar skráðra flokksmanna.

#### HEIMILISFANG OG PÓSTNÚMER



Upplýsingar um heimilisfang og póstnúmer eru nýttar til þess að skrá flokksfélaga í rétt flokksfélög innan flokksins, þ.e. þau flokksfélög og ráð sem starfrækt eru í því sveitarfélagi/póstnúmeri þar sem viðkomandi býr. Þá eru upplýsingar um heimilisfang og póstnúmer jafnframt notaðar til að koma áleiðis upplýsingum í pósti varðandi flokksstarfið. Nöfn, heimilisföng og kennitölur eru notuð til að halda utan um þá sem búa í hverju sveitarfélagi og kjördæmi og eiga m.a. rétt til setu á félagsfundum, njóta kjörgengi í viðkomandi félögum og ráðum og eiga rétt til þátttöku í prófkjörum í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga og alþingiskosninga og eftir atvikum aðild að einstökum félögum og ráðum, en þau ná hvert fyrir sig yfir mismunandi landfræðileg svæði - hverfi, sveitarfélög og/eða kjördæmi.

#### NETFANG



Netföng eru notuð í þeim tilgangi að senda upplýsingar til flokksfélaga, sem geta verið af hvaða tagi sem er og varðað t.d. viðburði, fundi, skilaboð, fjáröflum, stefnumál auk ýmissa hluta í tengslum við kosningar o.fl.

#### SÍMANÚMER



Símanúmer eru notuð í þeim tilgangi að miðla upplýsingum til flokksfélaga, sem geta verið af hvaða tagi sem er og varðað t.d. viðburði, fundi, skilaboð, fjáröflum, stefnumál auk ýmissa hluta í tengslum við kosningar o.fl.



Megintilgangurinn með öflun og vinnslu persónuupplýsinga er að flokkurinn geti efnt skyldur sínar og rækt hlutverk sitt gagnvart flokksmönnum, starfsmönnum og þeim sem hann á í viðskiptasambandi við. Persónuupplýsingar í vörslu Sjálfstæðisflokksins eru ekki nýttar í öðrum tilgangi en þeim sem þeirra var aflað í.



Sjálfstæðisflokknum er annt um að koma stefnumálum og starfsemi sinni á framfæri við fólk. Slík miðlun upplýsinga byggir á því að geta átt í samskiptum við fólk. Sú öflun persónuupplýsinga sem snýr að félagsmönnum tekur einkum mið af því að flokkurinn geti sinnt því hlutverki sínu að koma upplýsingum áleiðis og auðvelda flokksmönnum þátttöku í starfi flokksins. Sjálfstæðisflokkurinn nýtir tengiliðaupplýsingar flokksmanna sinna, svo sem netföng, kennitölur, símanúmer þeirra, sem þeir sjálfir hafa veitt flokknum eða uppfærðar hafa verið síðar til að tryggja áreiðanleika upplýsinganna, til að beina efni til þessara flokksmanna á samfélagsmiðlum um atriði í starfi flokksins, í samræmi við vinnureglur Sjálfstæðisflokksins á samfélagsmiðlum sem eru uppfærðar reglulega og eru aðgengilegar á heimasíðu flokksins, sjá [hér](#).

## 5. MEÐHÖNDLUN FLOKSSKRÁR

Aðild að Sjálfstæðisflokknum fer fram í gegnum þau fjölmörgu félög sem aðild eiga að flokknum um land allt. Félagssvæðin eru misjöfn, allt frá því að vera eitt hverfi í sveitarfélagi yfir í að ná yfir nokkur sveitarfélög, eða hluta sveitarfélaga. Sjá nánar [hér í skipulagsreglum Sjálfstæðisflokksins](#).

Sjálfstæðisflokkurinn heldur úti miðlægri flokkskrá í samræmi við ákvæði laga um starfsemi stjórnmalasamtaka nr. 162/2006. Þar eru varðveittar upplýsingar um alla flokksmenn, svo sem um í hvaða félagi hver og einn flokksmaður starfar og um réttindi og trúnaðarstörf viðkomandi fyrir flokkinn.

Aðgang að flokkskránni í heild hafa einungis þeir starfsmenn Sjálfstæðisflokksins sem vegna starfa sinna þurfa þess og er henni jafnan ekki deilt með þriðja aðila, sjá nánar í kafla um miðlun persónuupplýsinga hér að neðan.

Í miðlægri flokkskrá er haldið utan um upplýsingar um félagatal hvers félags og ráðs. Aðgang að slíku félagatali hafa einungis formenn þeirra og stjórnir í lögmætum tilgangi til þess að geta rækt skyldur við félagsmenn, m.a. vegna aðal- og félagsfunda auk prófkjara. Á það eftir atvikum líka við um flokksmenn í sérstökum trúnaðarstörfum eins og fundarstjóra og starfsmenn félagsfunda auk kjör- og uppstillinganefnda í tengslum við val á listum flokksins. Stjórnir félaga geta veitt ákveðnum hópi félagsmanna takmarkaðan aðgang að félagatali, í húsnæði á vegum flokksins, til að miðla upplýsingum til annarra félagsmanna, t.a.m. í aðdraganda alþingis- og sveitarstjórnarkosninga. Þegar slík skrá er útbúin koma fram kennitölur, nöfn, heimilisföng, póstnúmer og eftir atvikum símanúmer allra sem aðild eiga að félagi/ráði. Slíkur aðgangur að félagatali er einungis veittur gegn undirritun strangrar trúnaðarskuldbindingar um meðferð þess og með því skilyrði að meðferð þess samræmist í einu og öllu reglum flokksins og lögum landsins. Félög og ráð fá jafnan ekki afhent netföng úr flokkskrá, en skrifstofa flokksins sendir út skilaboð í tölvupósti á starfssvæði hvers félags og ráðs eftir þörfum hverju sinni. Undantekning á þessu er t.a.m. þegar félög þurfa að hafa samband við félagsmenn sína í tengslum við einstök verkefni og í lögmætum tilgangi, t.d. við uppfærslu á netfangaskrá félags eða við undirbúning aðalfunda. Afhending netfangaskrár er þá háð sömu skilyrðum og eiga við um afhendingu félagatals. Þá fá félög og ráð ekki afhentar tengiliðaupplýsingar í þeim tilgangi að beina efni að skráðum flokksmönnum á samfélagsmiðlum.

Í tengslum við prófkjör, röðun og kosningar til trúnaðarstarfa til ráða og félaga flokksins geta frambjóðendur í þeim fengið aðgang að kjörskrá, þ.e. viðkomandi félagatali, gegn því að undirrita strangar trúnaðarskuldbindingar um meðferð kjörskrárinnar og með því skilyrði að meðferð hennar samræmist í einu og öllu reglum flokksins og lögum landsins. Við gerð kjörskrár eru netföng viðkomandi aldrei afhent frambjóðendum, en frambjóðendum gefst í prófkjörum kostur á að biðja skrifstofu flokksins um að senda út tölvupóst í sínu nafni á þá aðila sem eru á kjörskrá. Frambjóðendur fá ekki afhentar tengiliðaupplýsingar í þeim tilgangi að beina efni að skráðum félagsmönnum á samfélagsmiðlum.

## 6. MIÐLUN PERSÓNUUPPLÝSINGA

Flokknum er heimilt að miðla persónuupplýsingum til vinnsluáðila sem eru þjónustuveitendur eða verktakar á vegum flokksins, sbr. 25. gr. persónuverndarlaga. Á það m.a. við um þá aðila sem halda utan um örugga geymslu gagna flokksins, veita kerfislausnir varðandi flokksskrá og bókhald, aðila sem veita flokknum upplýsingatæknipjónustu og aðra þjónustu sem tengist vinnslu og er hluti af rekstri flokksins og nauðsynleg í þeim tilgangi að hann geti rækt hlutverk sitt og skyldur gagnvart félagsmönnum, starfsmönnum og þeim sem hann á í viðskiptasambandi við. Vinnsluáðili fær einungis aðgang að persónuupplýsingum svo fremi að trúnaður ríki um gögnin, þeim sé eytt að vinnslu lokinni, einungis nýttar í þeim tilgangi sem þeim er miðlað og meðferð þeirra hagað í samræmi við lög og reglur.

Sjálfstæðisflokkurinn deilir að öðru leyti ekki persónuupplýsingum með þriðja aðila nema vegna skyldu samkvæmt lögum, fyrirmælum stjórnvalda eða dómstóla, til að geta staðið að málarekstri vegna réttarágreinings, í samræmi við ákvæði samninga eða að undangengnu samþykki.

## 7. HEIMILD FYRIR VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA

Heimild flokksins til vinnslu persónuupplýsinga byggir á 11. gr. persónuverndarlaga, 2. gr. a. laga um starfsemi stjórnmalasamtaka, samþykki þeirra sem þær hafa veitt, nauðsyn vegna samningssambands og nauðsyn vegna lögmætra hagsmuna flokksins, svo sem af því að geta tryggt áreiðanlega og öfluga þjónustu auk miðlunar upplýsinga um störf og stefnu flokksins.

## 8. UPPLÝSINGAÖRYGGI

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á öryggi í meðferð persónuupplýsinga og að koma í veg fyrir óheimilan aðgang að upplýsingum í vörslu flokksins. Í því sambandi leitast flokkurinn við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar með sérstöku tilliti til eðlis þeirra. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlum þeirra.

Sjálfstæðisflokkurinn viðhefur t.a.m. aðgangsstýringu að upplýsingakerfum flokksins í þeim tilgangi að tryggja framangreint.

## 9. GEYMSLUTÍMI GAGNA

Sjálfstæðisflokkurinn varðveitir persónuupplýsingar í þann tíma sem er nauðsynlegur í samræmi við tilgang og markmið vinnslu hverju sinni. Hvað varðar varðveislutímabil þeirra persónuupplýsinga sem unnið er með í félagatali er öllum upplýsingum sem skráðar eru um félaga í félagatal eytt innan

tveggja ára frá því að aðild viðkomandi féll niður, í samræmi við ákvæði laga um starfsemi stjórnmálasamtaka. Á það við óháð því hvort aðildin féll niður fyrir úrsögn, brottrekstur eða andlát.

Upplýsingum sem Sjálfstæðisflokkurinn vinnur með í þeim tilgangi að skrásetja sögu flokksins er ekki eytt. Er þar m.a. um að ræða upplýsingar varðandi það hverjir hafi boðið sig fram og gegnt trúnaðarstörfum eða embættum fyrir flokkinn, upplýsingum um útgáfu og stefnumótun flokksins, svo sem með varðveislu útgefins efnis, skráningu fundargerða nefnda og ráða eða skjalfestingu atburða á landsfundum, auk upplýsinga um viðburði og samkomur á vegum flokksins, svo sem með varðveislu auglýsingaefnis fyrir viðburði, gestabóka og ljósmynda frá viðburðum.

## 10. RÉTTINDI HINNA SKRÁÐU

Einstaklingar eiga rétt á því að fá staðfest hvort Sjálfstæðisflokkurinn vinni með persónuupplýsingar um þá eða ekki, fara fram á aðgang að persónuupplýsingum sínum og við ákveðnar aðstæður að láta leiðrétta þær, eyða þeim eða takmarka vinnslu þeirra. Einnig á viðkomandi rétt á að andmæla vinnslu og fara fram á að gögn hans séu flutt. Þeim sem óska eftir að fá aðgang að persónuupplýsingum sínum er vinsamlegast bent á að hafa samband við persónuverndarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins með því að senda tölvupóst á [personuvernd@xd.is](mailto:personuvernd@xd.is)

Þá hefur einstaklingur rétt til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd ef eitthvað þykir athugasemjulegt við meðferð flokksins á persónuupplýsingum.

Ef upp koma aðstæður þar sem flokkurinn getur ekki orðið við beiðni um upplýsingar mun flokkurinn leitast við að útskýra hvers vegna svo sé.

## 11. ENDURSKOÐUN

Sjálfstæðisflokkurinn getur frá einum tíma til annars breytt persónuverndarstefnu þessari, svo sem í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum eða reglugerðum eða vegna breytinga á því hvernig flokkurinn vinnur með persónuupplýsingar.

Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á stefnunni taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur verið birt á heimasíðu flokksins.

Persónuverndarstefna þessi var upphaflega samþykkt af miðstjórn Sjálfstæðisflokksins í júlí 2018 og síðan breytt af miðstjórn í janúar 2022.

Stefna þessi var birt á heimasíðu Sjálfstæðisflokksins hinn 20. janúar 2022.